

BM Vallá ehf.

Efnistaka í Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit

Viðbrögð framkvæmdaðila við umsögnum umsagnaraðila um umhverfismatsskýrslu

Inngangur

Þann 1. mars 2022 var umhverfismatsskýrsla BM Vallá ehf. um efnistöku úr Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit kynnt í samræmi við ákvæði 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Frestur til að skila skriflegum umsögnum um skýrsluna rann út 12. apríl 2022. Samtals bárust sex umsagnir frá umsagnaraðilum, sbr. 16. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021. Í þessu skjali er gerð grein fyrir þessum umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaáðila vegna þeirra.

1 Vegagerðin

Umsögn Vegagerðarinnar er dagsett 9. mars 2022. Í henni kemur fram að stofnunin telji, „með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar og telur að sú viðbót sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs“.

Framkvæmdaáðili telur ekki þörf á viðbrögðum vegna umsagnarinnar.

2 Umhverfisstofnun

Umsögn Umhverfisstofnunnar er dagsett 5. apríl 2022. Í henni kemur fram að stofnunin taki „undir þau sjónarmið að betra sé að hafa námur stærri og færri og með þeim hætti draga úr umhverfisáhrifum“, svo og „að þrátt fyrir að tekið verð[i] mikið magn jarðefna úr námunni þá séu umhverfisáhrif efnistökkunnar ekki mikil. Einnig ber[i] að hafa í huga að efnistaka hefur farið fram á þessum stað um langa hríð þannig að umhverfisáhrif eru að hluta fram komin og auðséð hvaða áhrif fylgja áframhaldandi efnistöku“.

Framkvæmdaáðili telur ekki þörf á viðbrögðum vegna umsagnarinnar.

3 Minjastofnun Íslands

Umsögn Minjastofnunar Íslands er dagsett 11. apríl 2022. Í henni kemur fram að stofnunin hafi veitt umsögn um tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar og að þar hafi stofnunin ekki gert kröfu um að fornleifar yrðu skráðar í tengslum við umhverfismat fyrirhugaðrar efnistöku. Fyrir liggja skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2003, þar sem fram komi að engar vísbendingar hafi fundist um fornleifar á svæðinu. Því geri Minjastofnun Íslands ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Hins vegar bendir stofnunin á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, þar sem kveðið er á um viðbrögð ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks.

Framkvæmdaaðili telur ekki þörf á viðbrögðum vegna umsagnarinnar.

4 Náttúrufræðistofnun Íslands

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er dagsett 12. apríl 2022. Í henni er áréttuð sú ábending sem fram kom í umsögn stofnunarinnar um matsáætlun, að námurnar sem um ræðir séu „úr fornri óseyri frá síðjökultíma sem er hluti af mun stærrri jarðfræðilegri heild sem má rekja í Melasveit og í Borgarfirði“. Jökulgarðurinn í Skorholtsmelum norðan við námusvæðið sýni hámarksútbreiðslu jökulsins úr Borgarfirði fyrir um 12.800 árum og sé „einn best varðveitti jökulgarður landsins frá þessum tíma“. Svæðið hafi því mikið vísindalegt gildi og full ástæða sé til að vernda jarðlagasnið þannig við frágang á Skorholtsnámu að hægt sé skoða innri gerð óseyrarmyndunarinnar.

Náttúrufræðistofnun kveðst ekki geta „tekið undir þá niðurstöðu sem tilgreind er í samantekt á bls. 3 að jarðmyndunin hafi ekki sérstakt gildi þó engin vernd sé til staðar“. Svæðið sé þó mikið raskað og stofnunin geti því „tekið undir þá niðurstöðu að áhrif á jarðmyndanir séu óveruleg/neikvæð, þó nær því að vera talsvert neikvæð en óveruleg ef horft er til þess að áhrifin eru óafturkræf. Stofnunin tekur undir að heildaráhrif framkvæmdarinnar séu óveruleg þar sem áhrif á aðra umhverfisþætti eru hverfandi, að sýnileiki efnistökkunnar frá Vesturlandsvegi sé lítil þrátt fyrir töluverða stækkun námunnar og að jákvætt er að verið sé að stækka námur sem þegar eru í notkun frekar en að fjölga námum“. Mikilvægt sé að frágangur leiði til þess að ásýndaráhrif séu áfram lítil. Þá sé mikilvægt er að áfram sé hugað að samlegðaráhrifum frá starfsemi efnistökusvæðanna í landi Skorholts og Bakka t.d. þegar kemur að frágangi.

Framkvæmdaaðili tekur undir þá niðurstöðu Náttúrufræðistofnunar að jarðmyndunin sé sérstök og telur að æskilegt hefði verið að undirstrika þetta á skýran hátt í umhverfismatsskýrslu. Að sama skapi væri eðlilegt að skilgreina áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir sem neikvæð, þrátt fyrir að heildaráhrif framkvæmdarinnar teljist óveruleg. Framkvæmdaaðili mun leitast við að huga áfram að samlegðaráhrifum við námuna í landi Bakka og leggja sig fram við að vernda jarðlagasnið við frágang Skorholtsnámunnar, þannig að hægt sé skoða innri gerð óseyrarmyndunarinnar sem þarna átti sér stað í lok ísaldar.

5 Hvalfjarðarsveit

Umsögn Hvalfjarðarsveitar er dagsett 13. apríl 2022. Í henni er áréttað mikilvægi þess að „*huga vel að umgengni á rekstrartíma, sér í lagi þar sem framkvæmdatíminn er langur og lokafrágangur ekki fyrirhugaður fyrr en í lok vinnslutímans. Sérstaklega [þurfi] að huga að ásýnd (landslag og sjónrænir þættir), foki og umferð. Einnig [þurfi] að tryggja að umgengni um framkvæmdasvæðið sé ávallt til fyrirmyndar. Mikilvægt [sé] að viðhalda samráði við landeigendur, sveitarfélagið og eftir atvikum aðra hagsmunaaðila“ Þá þurfi að tryggja „*að frágangi svæðisins verði þannig hátt að svæðið komi til með að líkjast sem mest þeim landformum sem umhverfis það eru. Frágangsráttun [þurfi] einnig að taka mið af landnotkun í framtíðinni og óskum landeiganda. Afar brýnt [sé] að ganga frá svæðinu jafn óðum að svo miklu leyti sem hægt [sé].**

Framkvæmdaaðili mun taka framangreind atriði til greina en telur að öðru leyti ekki þörf á viðbrögðum vegna umsagnarinnar.

6 Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Umsögn heilbrigðiseftirlitsins er dagsett 13. apríl 2022. Í henni er bent á að í kafla 2.2.1 í umhverfismatsskýrslu komi fram „*að 40-70 cm gróðurlítið jarðvegslag sem er aðallega moldar og leirblandað verð fjarlæggt af yfirborði og selt“*. Í sama kafla sé „*upplýst að farið verði að leiðbeiningum Vegagerðarinnar um frágang svæðis. Heilbrigðiseftirlitið telur að þetta verklag sé óásættanlegt og ekki í samræmi við fyrrnefndar leiðbeiningar. Stofnunin bendi á fyrri umsögn á að þetta jarðvegslag getur innihaldið fræbanka staðargróðurs sem [sé] hjálplegt við endurheimt á síðari stigum við frágang svæða. Á sama tíma verð[i] mjög erfitt að ganga frá svæðinu í áföngum þar sem unnið [sé] inn í allt svæðið í einu eins og sýnt [sé] á mynd 3. og mætti skoða hvort ekki ætti heldur að vinna það inn á fullu á einum stað í geirum og ganga svo frá því svæði með varanlegum hætti til að minnka umhverfisáhrif. Frágangur í áföngum [sé] í samræmi við Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar sem fjallað [sé um] í umhverfismatsskýrslunni á bls. 20“*.

Hvað yfirborðslag og frágang varðar bendir framkvæmdaaðili á að eins og fram kemur í kafla 2.2.1 í umhverfismatsskýrslu verði yfirborðsefni (gróðurlitlu jarðvegslagi sem er aðallega moldar- eða leirblandað malarefni) komið fyrir í haug norðvestan við námuna og það síðan „*selt að mestu jafnóðum til annarra aðila sem fyllingarefni“*. Eins og einnig kemur fram í kaflanum verður stuðst við leiðbeiningar Vegagerðarinnar við frágang svæðisins og að fráganginum teljist þá fyrst lokið „*þegar yfirbragð gróðurs er í samræmi við grenndargróður og fyrirhugaða nýtingu og að svæðið falli sem best að umhverfi sínu“*. Í þessu sambandi ítrekar framkvæmdaaðili að stuðst verður við umræddar leiðbeiningar Vegagerðarinnar við frágang, sbr. í þessu tilviki sérstaklega kafla 7.2.4 í leiðbeiningunum. Gætt verður að varðveislu hugsanlegs svarðlags eftir föngum, en eins og fram kemur í leiðbeiningum Vegagerðarinnar kann að vera vandasamt að varðveita frjósemi svarðlagsins þar sem vinnslan stendur lengi yfir. Svarðlagið sjálft er hins vegar mjög þunnt og því ekkert því til fyrirstöðu að haugsetja langstærstan hluta yfirborðsefnisins og selja. Framkvæmdaaðili bendir einnig á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ekki gert athugasemdir við það verklag sem lýst er í kafla 2.2.1. Hvað áfangaskiptingu frágangans

varðar bendir framkvæmdaaðili á að sú aðferð að vinna svæðið „*inn á fullu á einum stað í geirum og ganga svo frá því svæði*“ sé ýmsum vandkvæðum bundin í reynd, m.a. vegna þess að náman er djúp og fláar við brúnir því umfangsmiklir. Þessu fylgir mikið óhagræði, þ.m.t. vandamál við tilfærslu yfirborðsefnis, hrun úr fláum og aukin blöndun yfirborðsefnis við vinnsluefni, sem aftur leiðir til lakari nýtingar efnis og skemmri endingartíma námunnar. Þessara neikvæðu áhrifa gætir þeim mun meira sem áfangarnir/geirarnir eru smærri.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er bent á að í kafla 2.2.2 í umhverfismatsskýrslu komi fram að þrír olútankar séu á svæðinu og að mynd í kaflanum af olútanki bendi til að engar lekavarnir séu við tankinn og árekstrarvarnir rýrar. Í þessu sambandi ítrekar framkvæmdaaðili að ekki er betur vitað en að tankarnir uppfylli öll skilyrði reglugerða um árekstrarvarnir og lekavarnir. Komi annað í ljós verður ráðin bót á því í samráði við eftirlitsaðila. Sama gildir í raun um þau atriði í kafla 2.2.2 sem lúta að öflun og geymslu neysluvatns. Komi í ljós að þessum atriðum sé ábótavant verður ráðin bót á því í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að stofnunin telji áform framkvæmdaaðila um rykbindingu aðkomuvegar ekki nægjanlega ráðstöfun til að koma í veg fyrir að fíngert efni og mól berist út á Vesturlandsveg og valdi slyshættu og óþrifum. Æskilegt væri að koma upp „*dekkjaþvottavél[um] við inn og útaksturleiðir framkvæmdasvæðisins*“, auk þess sem skoða þyrfti „*hvort ekki þurfi að vera aðrein inn á veginn til að min[n]ka slyshættu*“. Í þessu sambandi tekur framkvæmdaaðili undir að æskilegt væri að aðkomuvegur væri lagður bundnu slitlagi. Slíkt er þó ekki á forræði framkvæmdaaðila. Þar sem efnið í námunni er moldarlaust og því með litla viðloðun telur framkvæmdaaðili að „*dekkjaþvottavélar við inn og útaksturleiðir framkvæmdasvæðisins*“ myndu á engan hátt hafa áhrif á það magn efnis sem berast kann út á Vesturlandsveg, og enn síður þegar haft er í huga að framkvæmdasvæðið er í um kílómetra fjarlægð frá Vesturlandsvegi. Aðrein við Vesturlandsveg væri vissulega til bóta, en eins og fram hefur komið hefur Vegagerðin þó ekki gert athugasemdir við þetta atriði. Að mati Vegagerðarinnar er sú viðbót sem hér er ræðir „*ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs*“ (sjá framar).

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram sú skoðun eftirlitsins að sú fullyrðing framkvæmdaaðila í kafla 5.3.4 í umhverfismatsskýrslu að bílaumferð eða ryk hafi engin áhrif á byggð sé „*mjög sérstök*“, þar sem Bakki og Skorholt standi í næsta nágrenni. Eftir sem áður telur framkvæmdaaðili að gerð sé nægjanlega skýr og vel rökstudd grein fyrir þessu í kafla 5.4.4 í umhverfismatsskýrslu.

Í lokaorðum umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er bent á að í umhverfismatsskýrslu komi fram að aðeins litill hluti efnis yrði nýttur á staðnum eða um 20% en annað efni yrði flutt til Reykjavíkur. Því telji stofnunin margt mæla „*með því að leitað verði að hentugu námusvæði nær höfuðborgarsvæðinu og ætti að vera fjallað um aðra kosti í því sambandi ef horft er til mengunar vegna flutninga og mögulega slyshættu á framkvæmdatímanum*“. Þá telji heilbrigðiseftirlitið „*að skoða megi möguleika á því að flytja jarðveg inn á svæðið til að minka dýpi námunnar að framkvæmd lokinni og reka þar*

jarðvegstipp samhliða námurekstri“. Í þessu sambandi ítrekar framkvæmdaaðili það sem fram kemur í umhverfismatsskýrslu að heppilegra sé talið að nýta það efni sem er á svæðinu frekar en að opna nýjar námur annars staðar. Þessi niðurstaða er m.a. studd af umsögnum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrsluna (sjá framar). Hins vegar tekur framkvæmdaaðili undir að e.t.v. mætti reka jarðvegstipp í námunni samhliða námurekstri. Sá möguleiki telst þó ekki hluti af þeirri framkvæmd sem umhverfismatsskýrslan fjallar um.

Framkvæmdaaðili telur ekki þörf á viðbrögðum vegna umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands umfram það sem hér hefur komið fram.

Hvanneyri 6. maí 2022

F.h. framkvæmdaaðila
Stefán Gíslason
Environice

RE 202201116 - Efnistaka í Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>
Frá : Stefán Gíslason <stefan@environice.is>
CC : Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir <ingaloo@environice.is>
Heiti : RE 202201116 - Efnistaka í Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit
Málsnúmer : 202201116
Málsaðili : BM.VALLÁ
Skráð dags : 06.05.2022 00:00:00
Höfundur : Stefán Gíslason <stefan@environice.is>
Viðhengi [image001.jpg](#)

Sæl Þórdís,

Gera má ráð fyrir að u.þ.b. 16 bílar flytji efni úr Skorholtsnámunni á hverjum virkum degi að meðaltali, miðað við að þar verði unnar 2,5 milljónir m³ af efni næstu 35 ár, að hver bíll taki að meðaltali 18,75 m³ í hverri ferð og að unnið sé í námunni 240 virka daga á ári. ($2.500.000/35/18,75/240 = 15,87$), en um 10 bílar að meðaltali ef frídagar eru taldir með (365 dagar í stað 240). Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslunni er ársdagsumferð um Melasveitarveg 175 ökutæki. Tíu bílar fram og til baka jafngilda 20 bíla meðalframlagi í ársdagsumferðina, en það samsvarar 11% af umferðinni um Melasveitarveg að meðaltali (20/175).

Eins og fram kemur í skýrslunni er ekki gert ráð fyrir mikilli breytingu á umferðarþunga miðað við það sem nú þegar er orðið vegna efnisvinnslu síðustu ára. Þetta þýðir að ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði á hraða vinnslunnar frá því sem verið hefur, þrátt fyrir stækkun námunnar. Framkvæmdin gengur í reynd eingöngu út á að lengja endingartímann.

Minnisblaðið um viðbrögð framkvæmdaaðila við umsögnum umsagnaraðila er tilbúið af minni hálfu, en ég er að bíða eftir samþykki framkvæmdaaðilans til að senda það til þín. Vonast til að það gerist í dag.

Bestu kveðjur,

Stefán Gíslason

From: Stefán Gíslason

Sent: fimmtudagur, 5. maí 2022 13:51

To: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Cc: Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir

Subject: RE: 202201116 - Efnistaka í Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit

Sæl Þórdís,

Ég reyni að grafa þetta upp. Svo er ég einmitt núna að ganga frá svolitlu minnisblaði um viðbrögð framkvæmdaaðila við umsögnum umsagnaraðila. Það átti að vera búið en tafðist vegna mikillar vinnutarnar sem staðið hefur yfir síðan á páskum en lauk í dag.

Bestu kveðjur,

Stefán

From: Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>

Sent: fimmtudagur, 5. maí 2022 13:49

To: Ingibjörg Ólöf Benediktsdóttir <ingaloa@environice.is>

Cc: Stefán Gíslason <stefan@environice.is>

Subject: 202201116 - Efnistaka í Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit

Góðan dag,

Ég var að velta einu fyrir mér við vinnslu álitsins. Mig vantar að fá nákvæmari upplýsingar um fjölda bíla sem aka til og frá námunni á degi hverjum?

Þið segið í greinargerðinni „ekki er gert ráð fyrir mikilli breytingu á umferðarþunga miðað við það sem nú þegar er orðið vegna efnisvinnslu síðustu ára“. Hvað þýðir það?

Hversu mikil umferð er tengd námunni?

Með kveðju,

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun